

Nd.

632. Frumvarp

til laga um dýrtíðarhjálp.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

1. gr.

Dýrtíðarhjálp veitir landssjóður heimilisfrámferendum, sem hafa síðastliðið ár haft 2000 króna tekjur eða minna, og fá fyrirsjáanlega ekki hærri árstekjur á komandi ári, 1. okt. 1915—30. sept. 1916, ef þeir þiggja ekki af sveit.

2. gr.

Dýrtíðarhjálpin skal vera sem hjer segir:

Fyrir kvongaðan mann 50 krónur, og auk þess 10 krónur fyrir hvert barn undir 15 árum, sem er hjá foreldrunum, þó svo að upphæðin fari aldrei fram úr 10% af árstekjum, nema börnin sjeu fleiri en 4. Upphæðin getur þó aldrei farið fram úr 120 kr. til eins heimilisfrámferanda. Ef hvorttveggja hjónanna hafa tekjur á árinu, skal leggja saman tekjurnar, og eiga þau því að eins rjett á dýrtíðarhjálp, að tekjur beggja samtaldar sjeu undir hámarki því, er umræðir í 1. gr.

Með árstekjum skal telja hverskonar tekjur og hlunnindi, þ. á. m. ókeypis húsnæði, ókeypis ljós, eldivið, jarðarafnot o. s. frv.

Í sveitum er dýrtíðarhjálpin helmingi minni en í kaптúnnum.

3. gr.

Stjórnarráðið ákveður hvenær greiða skuli dýrtíðarhjálpinu og setur reglur um úthlutun hennar. Það sker og úr ágreiningi um það, hvort einhverjum beri dýrtíðarhjálp, hve há upphæðin skuli vera og öðrum ágreiningi, sem rísa kann út af þóguum þessum, og verður þeim ágreiningi eigi skotið til dómstólanna.

4. gr.

Lög þessi gilda til loka næsta reglulegs þings; þó skulu þau afnumin að einhverju leyti eða öllu ef ástandið breytist áður í verulegum atriðum, svo sem fyrir verðlækkun á útlendri vöru eða innlendri frá því sem nú er.

Aths. Upprunalega var ætlast til að í frumvarpinu væru sjerstök ákvæði um dýrtíðaruppbót til lágt launaðra starfsmanna hins opinbera. Því slept nú, af því að búast má við sjerstökum tillögum í því efni.